



VESTURBYGGÐ

Vesturbyggð

Aðalstræti 63, 450 Patreksfirði, kt. 510694-2369, Sími 450-2300. Bréfsími 456-1142

Fasteignagjöld árið 2018

Meðfylgjandi er álagningarseðill fasteignagjalda fyrir árið 2018.

Gjalddagar eru níu á árinu: 1. febrúar, 1. mars, 1. apríl, 1. maí, 1. júní, 1. júlí, 1. ágúst, 1. september og 1. október.

Ef ekki er greitt fyrir eindaga, sem er í lok mánaðar, reiknast dráttarvextir.

Gjöld eru lögð á fasteignir og lóðir samkvæmt eftirfarandi álagningarreglum og stuðlum:

Gjald	Íbúðir	Aðrar eignir
Fasteignaskattur	0,47%	1,32%/1,65%
Lóðarleiga	3,75%	3,75%
Vatnsgjald	0,45%	0,50%
Fráveitugjald	0,40%	0,40%
Sorpgjald	57.800 kr.	sjá gjaldskrá

- **Fasteignaskattur, vatnsgjald og fráveitugjald** eru reiknuð út frá fasteignamati húss og fasteignamati lóðar.
- **Lóðarleiga** er reiknuð út frá fasteignamati lóðar.
- **Sorpgjald** í þéttbýli er 57.800 kr. lagt á íbúðarhúsnæði og skiptist gjaldið í 19.600 kr. fyrir sorphirðu, 30.950 kr. fyrir sorpeyðingu og 7.250 kr. fyrir blátunnu.
Sorpeyðingargjald 22.500 kr. er lagt á sumarbústaði og íbúðarhúsnæði með ákvæði um takmörkun á íveru vegna snjóflóðahættu.

Klippikort 2018. Hver íbúðareigandi fær afhent klippikort á bæjarskrifstofunum fyrir 4 m³ af sorpi til eyðingar á sorpmóttökustöðvum á Patreksfirði og á Bíldudal. Klippikort frá 2017 gildir áfram. Sjá nánar á heimasíðunni www.vesturbyggd.is.

Greiðsluseðlar eru ekki sendir út í pósti en birtast í heimabanka.

Elli- og örorkulífeyrisþegum er veittur afsláttur af fasteignaskatti og fráveitugjaldi vegna íbúða þeirra til eigin nota. Afslátturinn að hámarki 102.400 kr. er tekjutengdur.

Kærufrestur álagningar fasteignagjalda er til 28. febrúar 2018.

Vinsamlegast hafið samband við bæjarskrifstofurnar í síma 450 2300 ef óskað er frekari upplýsinga.

Vesturbyggð, 1. febrúar 2018.
Bæjarstjórinn.